



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgsgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 10. júlí 2013  
Tíl.: IRR13030121/8.13.0

Efni: Þjónusta við hælisleitendur

Innanríkisráðuneytið fer með yfirstjórn í málefnum hælisleitenda. Undanfarið hefur umsóknum um hæli á Íslandi fjölgð talsvert og málsméðferðartími stjórnvalda hefur lengst. Til þess að bregðast við þessu efndi ráðuneytið til sérstaks átaks í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda sem miðar að því að stytta málsméðferðartíma og bæta stjórnsýslu.

Liður í átaksverkefninu er að leita eftir samstarfi við sveitarfélög um þjónustu við hælisleitendur. Frá árinu 2004 hefur Reykjanesbær annast þjónustuna samkvæmt samningi við Útlendingastofnun og er almenn ánægja með þjónustu sveitarfélagsins. Vegna fjölda hælisleitenda er þörf á að gera samninga við fleiri sveitarfélög en Reykjanesbæ og með bréfi þessu vill ráðuneytið kanna áhuga sveitarfélaga á að koma að þjónustu við hælisleitendur í samstarfi við ríkið.

Ráðuneytið mun fela Útlendingastofnun að ganga til samninga við áhugasöm sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að samningar verði tvennis konar. Annars vegar samningar þar sem kveðið er á um að sveitarfélag tryggi búsetu og umönnun tiltekins fjölda hælisleitenda hverju sinni og hins vegar opnari samningar þar sem ekki væri kveðið á um tiltekkinn fjölda hælisleitenda heldur geti Útlendingastofnun eftir atvikum leitað til sveitarfélagsins.

Bæði samningsformin fela í sér sambærilega þjónustu gagnvart hælisleitendum. Í því felst að sveitarfélag útvegar hælisleitendum húsnaði, veitir tiltekna félagslega þjónustu og annast greiðslu dagpeninga til framfærslu. Leitað verður eftir samstarfi við Rauða krossinn á hverjum stað. Stefnt er að því að málsméðferðartími verði að jafnaði ekki lengri en sex mánuðir.

Þess er v恩st að sveitarfélög sem áhuga hafa á að koma að samstarfinu tilkynni um það eigi síðar en 12. september n.k. Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnistjóri átaks í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda í síma 545 9000 og á netfangið [holmfridur.sveinsdottir@irr.is](mailto:holmfridur.sveinsdottir@irr.is).

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hafnarfjarðarbær
Innk: 12-7-2013
Málsnr: 130 7154
Bréfsl: 324

Hermann Sæmundsson